

Umhverfisstofnun
Áb. AB
05 FEB. 2007
54.0
Tilv. UST20070100162



UST

Umhverfisstofnun

Umhverfisstofnun, Hagkerfi 2, 101 Reykjavík

Deild umhverfismálaþróunar

Deild umhverfismálaþróunar

Deild umhverfismálaþróunar

Deild umhverfismálaþróunar

Deild umhverfismálaþróunar

Deild umhverfismálaþróunar

Byggingarfulltrúi Þingeyinga
Vigfús Sigurðsson,
skipulags- og byggingarfulltrúi
Ketilsbraut 7-9
640 Húsavík

Reykjavík, 2. febrúar 2007
Tilvísun: UST20070100162/áb

Efni: Skipulag við Ásbyrgi – færsla á hótellóð og þjóðvegi.

Umhverfisstofnun hefur mótttekið erindi varðandi hugmynd undirbúningsfélags Hótel Áss um færslu á hótellóð austur og norður fyrir verslunarlóð auk færslu þjóðveggar til norðurs. Gljúfranevnd fjallaði um málið á fundi þann 23. janúar s.l.


Gljúfranevnd tekur jákvætt í færslu hótellóðar austur og norður fyrir verslunarlóð enda er þar meira rými til athafna heldur en á skilgreindri hótellóð í deiliskipulagi. Einnig fellur það vel að forsendum í deiliskipulagi um að vernda sjónlínur inn í Ásbyrgi.

Gljúfranevnd telur að skoða eigi vel kosti þess og galla að færa veginn norðar á sandinn. Hugmyndin um færslu vegar er ekki ný af nálinni og vitað er að færsla hans verður alltaf mjög takmörkuð til norðurs vegna eðlilegrar aðkomu vegarins að Jökulsárbrú. Að sama skapi yrði öll uppbygging á sandinum takmörkuð vegna takmarkaðar færslu vegarins. Ef vegurinn er hins vegar ekki færður heldur svæðin norðan og sunnan vegar göngutengd með t.d. undirgöngum undir veginn skapast meira rými til framtíðaruppbyggingar á sandinum norðan vegar.

Umhverfisstofnun bendir á að land norðan vegar er í eigu og umsjá Landgræðslu ríkisins en jörðin Ás afsalaði því til Landgræðslunnar með skilyrðum um forkaups og forleigurétt af hinu afsalaða landi. Jörðin Ásbyrgi er í eigu Skógræktar ríkisins en stærstur hluti hennar er hluti af þjóðgarðinum í Jökulsárgljúfrum. Sá hluti sem ekki tilheyrir þjóðgarðinum er leigður Umhverfisstofnun. Nauðsynlegt er að upplýsa bæði Landgræðslu ríkisins og Skógrækt ríkisins um öll skipulagsmál á svæðinu.

Að lokum vill Umhverfisstofnun leggja áherslu á opna umræðu og samstarf um frekari skipulagsmál á svæðinu við Ásbyrgi með tilliti til náttúruverndar og almennrar þjónustuuppbyggingar fyrir gesti þjóðgarðsins.

Virðingarfyllt


Arni Bragason